

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Ár 2015. föstudaginn 16. október, var haldinn 149. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að Skógarhlíð 14 og hóft hann kl. 8.00. Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Haraldur Líndal Haraldsson og Ármann Kr. Ólafsson. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri og Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnarsviðs. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Eldsvoði við Írabakka og í Mosfellsbæ.

Birgir Finnsson og Bjarni Kjartansson fóru yfir útköll vegna eldsvoða við Írabakka í Breiðholti aðfaranótt 1. október og við Skeljatanga í Mosfellsbæ aðfaranótt 4. október, en í báðum tilvikum bjargaðist fólk naumlega úr íbúðum sínum.
Afgreiðsla: Kynning.

2. Kerfisbundin endurskoðun starfsmats.

Slökkviliðsstjóri kynnti áhrif endurskoðunar starfsmats í samræmi við bókun 2 í síðasta kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.
Afgreiðsla: Kynning.

3. Yfirlýsing um markmið í loftslagsmálum

Slökkviliðsstjóri lagði til að stjórn samþykkti þátttöku SHS í sameiginlegri yfirlýsingu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í Reykjavík um markmið í loftslagsmálum sem afhent verður á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í desember nk.
Eftirfarandi lagt fram:
Yfirlýsing um loftslagsmál, kynning/boð, ódags.
Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að SHS setji sér markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og undirriti sameiginlega yfirlýsingu þess efnis.

4. Lofsvert lagnaverk 2014.

Slökkviliðsstjóri sagði frá fyrirhugaðri afhendingu forseta Íslands á viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk 2014, sem fara mun fram í slökkvistöðinni á Skarhólabraut föstudaginn 23. október nk. kl. 16.00. Lagnafélag Íslands og SHS bjóða stjórnarmönnum og öðrum góðum gestum til móttöku af því tilefni.
Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. nóvember 2015.

Fundi slitið klukkan 10.00

Fylgiskjöl:

- Yfirlýsing um loftslagsmál, kynning/boð, ódags.

Dagur B. Eggertsson

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson